

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kalka sorpeýðingarstöð sf. Helguvík, Berghólabraut



| | | | |
|---------------------|----------------------------|-------------------------|-------------------------|
| Dags eftirlits | 12.12.2024 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Sigríður Magnúsdóttir |
| Fyrirtæki | Kalka sorpeýðingarstöð sf. | Eftirlitsmaður | |
| Heimili | Berghólabraut 7 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 5312780469 | Flokkur | Úrgangur og efnamóttaka |
| Fulltrúi fyrirtækis | Ingbór Karlsson | ÍSAT nr. | 38.21.0,38.22.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | 325484,211 396471,342 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í Kólku sorpeýðingarstöð og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

- Staðan frá síðasta eftirliti
- Skráningar og mælingar
- Áætlanir og viðbrögð
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð

Rekstraraðili fór yfir stöðuna frá síðasta eftirliti. Fram kom að farið hefði verið í hefðbundið viðhaldsstopp á vormánuðum en að öðru leyti hefði brennslustöðin ekki farið í löng stopp. Starfsleyfi rekstraraðila var breytt þann 22. ágúst 2024 þar sem aukið var umfang á sóttmengudum úrgangi og spilliefnum, en rekstraraðili hafði óskað eftir breytingunni vegna þess að magn þessarar tegundar úrgangs hafði aukist undanfarin ár.

Rekstraraðili hefur skilað inn skráningum og mælingum og gerir stofnunin ekki athugasemdir við þær.

Rekstraraðili lagði fram viðbragðsáætlanir í eftirlitinu.

Spilliefni berast í bömbum, tunnum og öðrum lokuðum ílátum til rekstraraðila og eru geymd í skýli á athafnasvæðinu áður en þeim er matað inn í ofninn. Sama gildir um sóttmengaðan úrgang sem berst í þar til gerðum umbúðum og ílátum sem síðan eru tæmd inn í ofninn sjálfvirk.

Umhverfisstofnun lagði fram gögn til kynningar á breyttri boðun eftirlits, innheimtu eftirlitsgjalda og gagnagrunn um mengaðan jarðveg.

Farið var í skoðunarferð um athafnasvæði rekstraraðila og ekki var tilefni til athugasemda.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.12.2024

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir